

## Samgöngustefna

Markmið samgöngustefnu Þjóðskjalasafns Íslands er að stuðla að því að starfsfólk noti vistvæna og hagkvæman ferðamáta.

Þjóðskjalasafn Íslands vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks stofnunarinnar sem og allra landsmanna.

Þjóðskjalasafn Íslands vill sýna gott fordæmi og efla vitund starfsmanna um vistvænar samgöngur.

### Leiðir

- Starfsfólk er hvatt til að nota almenningsamgöngur eða vistvænan ferðamáta til og frá vinnu. Í þeim tilgangi kaupir stofnunin strætisvagnakort fyrir það starfsfólk sem að jafnaði notar eða ákveður að nota strætisvagna til að ferðast í og úr vinnu.
- Þjóðskjalasafn hvetur starfsfólk til að taka strætó, ganga eða hjóla til og frá vinnu. Starfsfólk sem að jafnaði notar slíkan vistvænan samgöngumáta fær greiddan útlagðan kostnað í gildi samgöngukorts skv. reikningi, t.d. vegna hlífðarfatnaðar, þó að hámarki þá upphæð sem nemur andvirði árskorts strætisvagna.
- Þjóðskjalasafn gerir samgöngusamning við þá starfsmenn sem nota vistvænan samgöngumáta.
- Þjóðskjalasafn mun kappkosta við að tryggja góða aðstöðu á vinnustað fyrir þá sem stunda vistvænar samgöngur.
- Fyrir það starfsfólk sem að jafnaði notar vistvænan samgöngumáta greiðir stofnunin leigubílakostnað í neyðartilvikum á vinnutíma, t.d. vegna veikinda barna.
- Starfsfólk fer gangandi á fundi ef það tekur 10 mínútur eða skemur, annars er notast við leigubíla eða strætisvagna ef það hentar og mun stofnunin kaupa staka miða í strætisvagna í því skyni.
- Þegar pantaðir eru leigu- og/eða bílaleigubílar skal óskað eftir vistvænum bílum.
- Starfsfólk skal samnýta ferðir með leigu- og bílaleigubílum eins og kostur er.
- Þegar notaðir eru hópferðabílar skal nota vistvæna bíla þegar því verður við komið.
- Stofnunin hvetur starfsfólk til að fjölga síma- og fjarfundum eins og kostur er.
- Stofnunin mun standa fyrir fræðslufundum einu sinni á ári í því skyni að efla vitund starfsfólks um vistvænar samgöngur.